

# Hvað segja kennarar?

## Reynsla og viðhorf framhaldsskólakennara til notkunar upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í skólastarfi

Ásrún Matthíasdóttir lektor Háskólinn í Reykjavík  
Leiðbeinandi Jón Torfi Jónasson prófessor

**Markmið:** Rannsóknin er byggð á hugmyndum Cox og Webb (2004) um nýtingu UST við “bestu” aðstæður í kennslu. Meðal annars var athugað hverjar væru hugmyndir kennara og hvernig þeir nýttu tæknina.

Menntaskólinn í Kópavogi (MK) hefur frá árinu 2000 haft á stefnuskrá sinni að nýta UST markvisst í námi og kennslu við skólann og hefur verið stuðlað að því að nemendur og kennarar hafi greiðan aðgang að stuðningi og nýrri tækni. Í tengslum við doktorsverkefni höfundar voru tekin viðtöl við átta kennara skólans og verður hér fjallað um helstu niðurstöður þeirra viðtala.

**Aðferð:** Tekið var hópviðtal við fimm kennara við MK í samstarfi við Michael Dal og Samúel C. Lefever, lektora við HÍ, sem hluti af námUST verkefninu (sjá <http://namust.khi.is/>). Síðar voru tekin viðtöl við við sex kennara í MK. Sökum skörunar var talað við alls átta manns.

**Þátttakendur:** Í samráði við stjórnendur MK voru valdir kennarar sem höfðu sýnt mikinn áhuga á notkun UST í kennslu og námi.

**Mælitæki:** Hálfstaðlað hópviðtal og hálfstöðluð einstaklingsviðtöl.

**Niðurstöður:** Kennararnir sáu ótal notkunarmöguleika og góð áhrif tækninnar á kennslu og námi. Miklu skipti þó ásetningur og hugmyndaflug þeirra. Hægt að virkja UST til að vekja áhuga og opna nýja möguleika, en flest dæmi um notkun UST sýndu að hefðbundin vinnubrögð urðu skilvirkari. Niðurstöður benda til þess að auðveldast sé að virkja UST fyrir áhugasama nemendur, þótt sumir hafi séð ýmsa möguleika fyrir slaka nemendur.

**I. Skilvirkni.** Kennsluferfi skólans, sem á þeim tíma var WebCt, var notað til að skipuleggja nám og kennslu, til að dreifa efni, fyrir verkefnaskil, fyrir gagnvirk verkefni og til samskipta milli kennara og nemenda og á milli nemanda. Mikil áhersla var lögð á hversu hagnýtt það væri bæði fyrir kennara og nemendur að nýta slíkt kerfi og einnig að það styddi það við sjálfstæð vinnubrögð nemenda eins og einn kennaranna sagði:

Mér fannst það gefast mjög vel fyrir mig til að ná skipulagsramma um bæði námsefni og kennsluaðferðir, ég get hólfað þetta niður og tímasett. Fyrir nemendur má eiginlega segja að þetta nýtist þeim á svipaðan hátt, það er að segja þeir eru með allt námsefnið skipulega niður sett og geta gengið að því, ef þau á annað borð vilja það. Og það er auðveldara fyrir nemendur að fylgja í raun áætluninni og allir tímarammar og verkefnaskil eru skýr. Mikill stuðningur.

**II. Nemendamiðun.** Kennararnir töldu UST hafa ýtt undir nemendamiðaða kennslu þar sem nemendur tækju meiri ábyrgð á námi sínu. Þeir gætu farið yfir verkefni með aðstoð tækninnar, fengið viðbrögð strax og metið sjálfir hvort nóg væri komið og valið um að halda áfram. Kennarinn skipuleggur efnið og setur upp og nemandinn ákveður sjálfur á hvaða hraða hann tekur efnið fyrir innan þess tímaramma sem kennarinn setur eða eins og einn kennarinn sagði:

Ég get alveg sett þau af stað í ákveðnum æfingum og þau klára verkefni á misjöfnum hraða. Leyfi þeim að vinna frjálst, en stend ekki yfir þeim og þyl yfir þeim. Það hefur breyst. Er hálfgerður verkstjóri. Reyni að láta þau sækjast eftir náminu, ekki að ég sé að færa þeim námið.

**III. Áhugi vakinn. Áhugasamir námsmenn.** Kennararnir lögðu mikla áherslu á að verkefni þyrftu að höfða til nemenda og að mikill skortur væri á rafrænu íslensku efni og verkefnum sem nýttu UST. Þeir töldu verkefni ekki þurfa endilega að vera í flottum umbúðum, ef nemendur sæju gagnsemi þá vaknaðir áhuginn. Þeir töldu tæknina nýtast vel áhugasömum og samviskusömum nemendum því hún gæfi þeim möguleika á að fara hraðar yfir og komast lengra í námi sínu. Þetta sagði einn kennarinn um að vekja áhuga nemenda:

Já það gildir það sama um bók og tölvu, þetta verður að kveikja áhuga. En nemendur verða náttúrulega að átta sig á því að lífið er ekki alltaf gaman, en auðvitað vill maður hrífa alla með. En ef það er alltaf leikur, þá fá þau leið á því líka. En nemendur eru jákvæðari í garð fagsins heldur en áður og það er helsti kosturinn, þó svo að árangurinn hafi ekki stórbatnað. Fallið er ennþá svipað, en ég er ekki frá því að þeir sem eru duglegir séu jafnvel hærri. En ég get ekki sagt að það nái allir ... út af tölvunni. En þeir sem eru duglegir og vilja leggja sig fram þeir koma betur út og hafa aukna möguleika til að þjálfa sig. Þannig að þetta er góður kostur fyrir góða nemendur

**IV. Náð til áhugalausra nemenda.** Áhyggjur komu fram hjá kennurunum vegna nemenda sem hafa lítinn áhuga á námi og hvernig ætti að ná til þeirra með nýrri tækni. Sum verkefni sem nýta tæknina virðast ganga vel fyrir alla nemendur en önnur ekki. Hluti kennaranna var bjartsýnn á árangurinn á meðan hluti þeirra var ekki viss um að hægt væri að vekja áhuga allra með UST. Áhersla var á að tæknin skapaði nýjar og betri aðstæður til náms fyrir nemendur með lestrarörðugleika. Einn þeirra taldi UST auka möguleika og árangur slakra nemenda:

Þó þau verði kannski aldrei snillingar í tungumálum, eru möguleikarnir meiri á að verða betri [en áður] og þau munu kannski koma til með að nota tungumálið til að afla upplýsinga eða líklegra að þau noti það til að þreifa sig um í heiminum, ef þau læra að nota tölvurnar í tungumálunum

Og annar sagði:

Ég get allavega fullyrt að þetta er betra fyrir þá sem hafa átt erfitt með nám.

**V. Miklir en vannýttir möguleikar og margar skorður.** Framtíðarsýn kennaranna var meira þverfaglegt nám þar sem dreifnám væri í fyrirrúmi, en stutt af UST með opnum tímum og samkenndu greina. Þeir voru fullir af eldmóði og vildu sjá hraðari framþróun í notkun UST. Þeir sáu hins vegar mörg ljón í veginum, s.s. tímaskort, viðhorf kennara, skipulag stundatöflu, húsnæði og stefnu skólayfirvalda. Látum þennan kennara eiga lokaorðin:

Maður fær alltaf þá tilfinningu annað slagði að nú sé svo mikið að gerast og það sé að koma svo margt nýtt að maður sé bara allt í einu kominn á einhverja eyðieyju og komist ekki lengra ... Það er hellingur eftir óunninn og við eigum eftir að sjá mikið af möguleikum ... Það er fullt, fullt af möguleikum sem maður hefur ekki komið auga á því maður er ef til vill bundinn af fortíðinni, eða sýn á kennsluna. Ég held að það sé hægt að gera mikið til að losa þetta úr þessum böndum. Það þurfa samt alltaf að vera rammar og vettvangur til að fylgja þessu eftir og halda utan um skipulag. Það er þó mikið sem að hægt er að losa um og þarf ekkert alltaf að vera þetta eilífa eftirlit, tékk og rammar og að maður sé ekki að vinna vinnuna sína nema að þetta sé allt í ferköntuðum skólastofum.